

Ed.

**299. Frumvarp til laga**

[160. mál]

um breyting á lögum nr. 102 31. desember 1972, um skipulag á löndun á loðnu til bræðslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973).

**1. gr.**

Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein, er verði 3. gr., svo hljóðandi, enda breytist töluröð annarra greina í samræmi við það:

Á loðnuvertíð 1973 skal stofna loðnuflutningasjóð og skal loðnulöndunarnefnd, sbr. 2. gr., hafa stjórn hans með höndum. Kaupendur loðnu skulu greiða í loðnuflutningasjóð 15 auro á hvert kg landaðrar loðnu til viðbótar því lágmarksverði, er Verðlagsráð sjávarútvegsins hefur ákveðið fyrir loðnuvertíð 1973. Loðnulöndunarnefnd skal hafa á hendi innheimtu þessa gjalds og reikningshald sjóðsins.

Greiða skal úr loðnuflutningasjóði styrki til flutninga á loðnu samkvæmt reglum, er loðnulöndunarnefnd setur. Skal nefndin annast greiðslu flutningastyrkja.

Reynist inneign vera fyrir hendi í loðnuflutningasjóði, að lokinni loðnuvertíð 1973, skal hún geymd á sérstökum reikningi til næsta árs. Skal inneigninni ráðstafað samkvæmt ákvörðun Verðlagsráðs sjávarútvegsins.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við ákvörðun lágmarksverðs á loðnu fyrir loðnuvertíð 1973 varð samkomulag í yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins um stofnun loðnuflutningasjóðs, svo sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir. Er frumvarpið flutt að ósk yfirnefndarinnar samkvæmt bréfi til sjávarútvegsráðuneytisins, dags. 6. febr. s. 1. svo hljóðandi:

„Á fundi yfirnefndar Verðlagsráðs sjávarútvegsins í dag var samþykkt að óska eftir því við sjávarútvegsráðuneytið að flutt verði frumvarp á Alþingi til breytingar á lögum nr. 102/1972 um skipulag á löndun á loðnu til bræðslu, þess efnis að ákvæði um flutningasjóð loðnu og meðferð hans verði felld inn í lögina.

Þá samþykkir yfirnefndin að fela nefnd þeirri, sem fjalla skal um loðnulöndun samkvæmt fyrrgreindum lögum, stjórnun væntanlegs flutningasjóðs loðnu.

Enn fremur samþykkir yfirnefndin að óska eftir því, að í lögina verði tekið ákvæði um, að verði ráðstöfunarfé sjóðsins á loðnuvertíð ekki notað að fullu, skuli eftirstöðvar hans geymdar til næsta árs.

Virðingarfyllst,

f. h. Verðlagsráð sjávarútvegsins,  
Sveinn Finnsson.“